Norðurlandamót grunnskóla:

Álftamýrarskóli sigraði glæsilega

Svo virðist sem hið geysiöfluga unglingastarf Taflfélags Reykjavíkur sé farið að bera mikinn árangur. Í unglingakeppnum á þessu ári og reyndar einnig á því síðasta, hafa piltar úr Taflfélagi Reykjavíkur unnið hvað eftir annað mjög góð afrek. Karl Þorsteinsson vann frábært afrek er hann sigraði á skákmóti barna sem haldið var á vegum Sameinuðu þjóðanna, og skáksveit Álftamýrarskóla vann fyrir stuttu sigur á skákmóti grunnskóla á Norðurlöndunum, annað árið í röð. Mótið var haldið í Noregi, nánar tiltekið Sandnesi, litlum bæ rétt fyrir utan Osló, og sendu Norðurlandaþjóðirnar fimm alls 6 sveitir til keppni, þar af höfðu gestgjafarnir Norðmenn 2 sveitir. Teflt var á 4 borðum og varð lokaniðurstaðan þessi:

1. Ísland 16 f. af 20 mögul.
2. Danmörk 13 1/2 v.
3. Finnland 11 1/2 v.
4. Noregur 10 1/2 v.
5. Noregur (B) 5 v.
6. Svíþjóð 3 1/2 v.

Fyrir hönd Álftamýrarskóla voru 6 keppendur sendir til leiks, auk fararstjóra sem var skólastjórinn sjálfur Ragnar Júlíusson og svo liðsstjóri, kapteinn og guð má vita hvað, Ólafur H. Ólafsson.

Vinningar sveitarinnar skiptust þannig:

1. borð:
Jóhann Hjartars. 5 v. af 5
2. borð:
Árni Á. Árnason 2 1/2 v. af 5
3. borð:
Páll Þórhallsson 3 1/2 v. af 5
4. borð:
Lárus Jóhannsson 4 v. af 4
1. varamaður:
Gunnar F. Rúnarsson 2 v. af 2

Þá var Matthías Þorvaldsson einnig í sveitinni en hann tefldi enga skák. Þetta er í annað sinn sem Álftamýrarskólinn vinnur þessa keppni, og má með sanni segja að skólinn hafi lagt sinn skerf til landkynningarinnar. Að lokinni keppni héldu liðsmenn og fylgifiskar sveitarinnar í afslöppunarferð til London.

Tvær skákir læt ég fylgja með frá keppni þessari. Í fyrri skákinni fer Páll Þórhallsson ómjúkum höndum um andstæðing sinn, hreinlega ryður honum út af borðinu, og í þeirri seinni vinnur Lárus Jóhannesson sannfærandi sigur. Hann byggir á markvissan hátt upp yfirburðastöðu, og jafnvel þó andstæðingur hans vinni skiptamun með skemmtilegri taktískri leikbrellu, kemur það ekki svo mikið að sök. Biskupar svarts vega liðstapið fyllilega upp, og undir lokin ganga þeir berserksgang, þannig að í einni skyndingu hrynur hvíta staðan til grunna. Lárus gerði sér lítið fyrir og vann allar skákir sínar í þessari keppni:

Hvítt: Páll Þórhallsson
Svart: Steinar Torjussen, (Noregi).
Skoskur leikur.
1. e4-e5
2. Rf3-Rc6
3. d4-exd4
4. Rxd4-d6

(Betra er vitaskuld 4. — Rf6 eða jafnvel 4. — Dh4.)

5. Rc3-d6
6. Be3-Rf6
7. Be2-Rxd4
8. Dxd4-Be7
9. 0 0 0-Be6
10. h3-c6
11. f4-d5?
12. f5-Bc8
13. e5!-Rd7

(Hvíta liðið ryðst fram. Það verður fátt um varnir.)


14. ..-Rf6
15. g4-fxe6
16. g4-c5



17. Dh4-exf5

(Eða 17. — Rg8 18. Bb5+ Kf8 (18. — Bd7 19. Dh5+) 19. fxe6 og 20. Hf1+).

18. gxf6-Bxf6
19. Bb5+-Bd7
20. Bxd7+-Bxd7



21. De1.
(Afgerandi).
21. ..-Bxc3
22. Dxc3-Hc8
23. De5+-Kf7
24. Hxd5

X X X

Hvítt: Seppo Vahro (Finnland)
Svart: Lárus Jóhannesson
Sikileyjarvörn
1. e4-c5
2. Rc3-Rc6
3. g3-g6
4. d:-d&
5. Bg2-Bg7
6. f4-Hb8
7. Rf3-b5
8. 0 0-b4
9. Rd5-e6
10. Re3-Rge7
11. Rh4-f5
12. exf5-gxf5
13. HeÝ-0 0
14. Hb1-Bb7
15. c3-Kh8
16. Bd2-a5
17. Rf3-h6
18. Rc2-Ba6
19. d4-Db6
20. d5-Rxd5
21. Rh4-Rce7
22. Bcd5-Rxd5
23. Rxg6+-Kh7
24. Rxf8+-Hxf8
25. Re3-Rxe3
26. Hxe3-Bb7
27. Df1-Dc6
28. Kf2-Dd5
29. Hd3-Dc6
30. cxb4-Ba6
31. bxc5-dxc5
32. Be3-De4
33. Hbd1-Da4
34. Bxc5-Dc2+
35. H3d2-dxc5+
36. Kg2-Bxf1+
z:—. Kxf1-Dc4+
— Hvítur gafst upp.

X X X

Í sveitakeppninni í hraðskák vann sveit Íslands einnig auðveldan sigur, hlaut 26 vinninga, en útkoman var þannig fengin, að 4 bestu Íslendingarnir í einstaklingskeppninni í hraðskák voru lagðir saman (þ.e. vinningar þeirra!). Í einstaklingskeppninni sigraði Jóhann Hjartarson, hlaut 8 v. Tefldar voru 9 skákir eftir Monrad-kerfi.

